

**Ed.**

**638. Frumvarp til laga**

[296. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1970, um Fjárfestingarfélag Íslands hf.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson.

**1. gr.**

Í stað orðanna „til ársloka 1977“ í 6. gr. laga nr. 46/1970 komi: til ársloka 1982.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Þegar lög um Fjárfestingarfélag Íslands hf. voru sett 1970, var félaginu veittur sami réttur í skattamálum og öllum öðrum fjármálastofnunum. Skyldi hann gilda til ársloka 1977, en vonir stóðu til að félagið hefði þá eflst svo að það gæti hafið skattgreiðslur. Stöðug verðbólga hefur hins vegar valdið því, að fjármunir félagsins hafa fremur rýrnað en vaxið. Starfsemi félagsins hefur einnig verið þrengri stakkur skorinn en ætlað var vegna ástands íslenskra peningamála.

Engu að síður er eðlilegt að þrautreyna hugmyndir þær, sem Fjárfestingarfélag Íslands hf. var stofnað til að framkvæma, en til þess er nauðsynlegt að félagið fái framlengingu skattfríðinda í nokkur ár enn, og er því lagt til að réttindin gildi í 5 ár til viðbótar þeim 7 sem upphaflega var ákveðið.